Umhverfisstofnun
Áb. KG
01 MARS 2003
Tilv. UST20030200007

UST
Umhverfisstofnun

**Nefndasvið Alþingis**
**heilbrigðis - og trygginganefnd**
**Austurstræti 8-10**
**150 Reykjavík**

28. febrúar 2003
Skjalanúmer: 110-0
Tilvísun: U20030200007/kg

**Frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 415. mál**

Vísað er til erindis heilbrigðis- og trygginganefndar, dags. 29. janúar sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 415. mál. Hinn 1. janúar 2003 tók Umhverfisstofnun við verkefnum og hlutverki Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, embættis veiðistjóra, hreindýraráðs og dýraverndarráðs. Umhverfisstofnun hefur m.a. það hlutverk að hafa yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti hér á landi, þ.m.t. eftirlit með útsölustöðum tóbaks í samræmi við 8. og 17. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Umhverfisstofnun gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Stofnunin telur þó ekki fyllilega ljóst í 3. gr. frumvarpsins hvaða „heilbrigðisyfirvöld" er þar rætt um. Þetta hugtak er ekki skilgreint í lögum nr. 6/2002 né í frumvarpinu. Í 8. gr. laga nr. 6/2002 er almennt rætt um heilbrigðisnefnd sem yfirvald en stofnunin telur óljóst hvort þessi nýju ákvæði falli undir hefðbundið hlutverk þeirra.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem hefur orðið á umsögn stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Davíð Egilson
forstjóri

Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður

Afrit: Umhverfisráðuneytið